

## Greinargerð við útgáfu framkvæmdaleyfis vegna færslu á Búrfellslínu 1 og tímabundins masturs í Búrfellslínu 3

---

Með framkvæmdaleyfisumsókn, dags. 28. janúar 2026, óskar Landsnet eftir því að sveitarstjórn Rangárþings ytra gefi út framkvæmdaleyfi fyrir færslu á Búrfellslínu 1 og tímabundins masturs í Búrfellslínu 3. Um er að ræða framkvæmd tengda Hvammsvirkjun Landsvirkjunar, nánar tiltekið tilfærslu á Búrfellslínu 1, tímabundna hækkun á Búrfellslínu 3 vegna tengingar flutningskerfisins við Hvammsvirkjun og færslu Búrfellslínu 1 frá stíflumannvirkjum ásamt nýju tengivirki (mynd 1). Fyrir liggur álit Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats Hvammsvirkjunar, dags. 12.3.2018<sup>1</sup>, úrskurður Skipulagsstofnunar um virkjun Þjórsár við Núp og breytingu á Búrfellslínu 1, dags. 19.8.2003<sup>2</sup> og úrskurður ráðherra frá 27. apríl 2004<sup>3</sup>.

Í 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögum um umhverfismat framkvæmda nr. 111/2021 segir að hafi umhverfismatsferli framkvæmdar verið lokið þegar lögin tóku gildi skuli ákvæði eldri laga um mat á umhverfisáhrifum er lúta að leyfisveitingum vegna framkvæmdarinnar gilda. Er því litið til laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 við veitingu leyfisins.

Í samræmi við 3. mgr. 13. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 skal “[l]eyfisveitandi [...] taka saman greinargerð um afgreiðslu leyfis þar sem gerð er grein fyrir samræmi milli leyfis og niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum og rökstyðja sérstaklega ef í leyfinu er vikið frá niðurstöðu álitsins. Leyfisveitandi skal í greinargerðinni einnig taka afstöðu til tengdra leyfisveitinga þegar tilefni er til ef um það er fjallað í álit Skipulagsstofnunar.”

Með framkvæmdaleyfisumsókn Landsnets frá 28. janúar 2026 voru lögð fram eftirtalin fylgiskjöl:

1. Greinargerð umsóknar framkvæmdaraðila, framkvæmdalýsing og teikningar
2. Kort með línubreytingum – teikningar og yfirlitsmynd af framkvæmd
3. Deiliskipulag Hvammsvirkjunar - stærri uppdráttur
4. Deiliskipulag Hvammsvirkjunar - lega lína
5. Deiliskipulag Hvammsvirkjunar – greinargerð og umhverfisskýrsla
6. Umhverfismatsskýrsla frá 2003
7. Úrskurður Skipulagsstofnunar frá 2003
8. Úrskurður ráðherra frá 2004
9. Ákvörðun Skipulagsstofnunar um endurskoðun frá 2015
10. Endurskoðað umhverfismat frá 2017
11. Álit Skipulagsstofnunar frá 2018
12. Leyfi Umhverfis- og orkustofnunar 2025 – Bráðabirgðaheimild, dags. 11. ágúst 2025
13. Virkjunarleyfi ásamt heimild til breytingar á vatnshlotum frá Umhverfis- og orkustofnun, dags. 12. desember 2025

Jafnframt liggur fyrir umsögn Náttúruverndarstofnunar vegna umsóknarinnar frá 23. febrúar 2026 sem sveitarfélagið hefur aflað vegna meðferðar umsóknarinnar í samræmi við 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og 2. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

---

<sup>1</sup> [Álit um mat á umhverfisáhrifum vegna Hvammsvirkjunar](#)

<sup>2</sup> [Virkjun Þjórsár við Núp allt að 150 MW og breyting á Búrfellslínu 1 – Úrskurður Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum](#)

<sup>3</sup> [Úrskurður umhverfisráðherra frá 27. apríl 2004](#)

Fyrirliggjandi gögn eru, að mati sveitarstjórna Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps, í samræmi við þær kröfur sem koma fram í skipulagslögum nr. 123/2010, lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, lögum um umhverfismat nr. 106/2000 og reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 og ákvæðum annarra laga þar sem mælt er fyrir um slíka framkvæmd.

Sótt er um framkvæmdaleyfi vegna eftirfarandi:

- **Niðurrif núverandi mastra:** Fjarlægja þarf 6 möstur í núverandi línu, þ.e. möstur 38-43, bæði möstur meðtalin. Við niðurrif verða möstrin felld í heilu lagi, bútuð niður, flutt í burtu og málmurinn sendur í endurvinnslu. Til verksins verða notaðar sömu vinnuvélar og þarf við reisingu nýrra mastra sem sett verða upp í kjölfarið. Á framkvæmdatíma verða reist 6 timburmöstur sem standa tímabundið og flytja raforku fram hjá framkvæmdasvæðinu og tryggja virkni flutningskerfisins á meðan á framkvæmdum stendur. Timburmöstrin verða fjarlægð að framkvæmdum loknum.
- **Uppsetning á nýjum möstrum:** Reist verða 7 ný möstur auk tveggja ramma sem taka á móti línunni og tengja við tengivirkið. Fjögur mastranna verða M- burðarmöstur úr stálgrind, 23,6–25,8 m á hæð, og þrjú þeirra fjórfótungsmöstur, 16 – 44 m á hæð. Þverslá eða brú í burðarmöstrum er 20 m löng.
- **Slóðagerð:** Línuvegir fylgja núverandi línunum og munu aðkomu- og vinnuvegir vegna Hvammsvirkjunar nýtast við framkvæmdirnar. Út frá þessum vegum þarf að gera nýja aðkomuslóða að nokkrum nýjum möstrum. Alls eru nýir slóðar að möstrum um 450 m innan Rangárþings Ytra.

Fætur burðarmastra munu standa á forsteyptum undirstöðum og stög halda möstrunum í skorðum. Við jörð tengjast stög við stagfestur, ýmist steiptar staghellur eða bergbolta. Til að koma undirstöðum og stagfestum fyrir þarf að grafa, fleyga, sprengja eða bora. Fyrir undirstöður mastra er gert ráð fyrir að grafnar verði 2 m djúpar holur að stærð 2,5 x 3,0 m. Þar sem klöpp er við yfirborð er fleygað 1,0 – 1,5 m niður í klöppina og forsteyptri undirstöðu komið fyrir eða bergboltar festir ofan í klöppina og undirstaða steipt utan um þá. Þegar undirstöðum mastra og stagfestum hefur verið komið fyrir þarf að fylla að þeim með burðarhæfu efni. Uppgrafið efni verður nýtt að eins miklu leyti og mögulegt er.

Leyfið er eingöngu bundið við þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í framkvæmdaleyfisumsókn og á teikningum sem fylgdu umsókninni og fjallað er um í umhverfismatinu. Sækja þarf um byggingarleyfi fyrir nýju tengivirki í samræmi við lög um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Í framkvæmdaleyfisumsókn Landsnets kemur fram að:

Þar sem jarðvegur hefur ekki næga burðargetu verður gert vinnuplan við hvert mastur sem nýtist við reisingu þess og strengingu leiðara. Stærð hvers plans fer eftir aðstæðum og gerð masturs, en við burðarmöstur verða þau að jafnaði 80-100 m<sup>2</sup>. Reynt verður að haga því þannig að stærð og sýnileiki þeirra sé í lágmarki. Að framkvæmdum loknum munu plönin nýtast við viðhald og eftirlit með línunni.

Áætluð efnispörf framkvæmdanna er um 6.500 m<sup>3</sup> og er það einkum efni í línuslóða að möstrum, mastraplön og undirstöður mastra. Ekki verða opnaðar nýjar námur fyrir þessa framkvæmd heldur verður efnið fengið úr námum í nágrenninu sem hafa tilskilin leyfi.

Áætlað er að framkvæmdir hefjist vorið 2026 og standi yfir til 2029 með hléum.



**Mynd 1** Hliðra þarf Búrfellslínu 1 vestan við nýtt tengivirki þar sem farið er yfir Þjórsá og Hvammsvirkjun (ljósblá lína). Austan tengivirkisins (fjólublátt) þarf að endurnýja Búrfellslínu 1 á um 1,6 km kafla (appelsínugul lína). Á framkvæmdatíma þarf að gera bráðabirgðalínu til að viðhalda virkni flutningskerfisins (raud lína) á meðan tengivirki er byggt.

Að mati sveitarfélagsins uppfylla hönnunargögn sem fylgja með framkvæmdaleyfisumsókn Landsnets þær kröfur sem koma fram í reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

### Lög og reglugerðir

Við ákvörðun um leyfisveitingu til framkvæmda var farið yfir ákvæði laga og reglugerða sem koma til álita áður en framkvæmdaleyfi er veitt, allt í þeim tilgangi að tryggja að við veitingu framkvæmdaleyfis liggja fyrir allar nauðsynlegar upplýsingar sem máli skipta t.d. varðandi umhverfisáhrif og verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi, landslag og varðveislu jarðminja og upplýsingar um hvernig hægt sé að draga úr þeim áhrifum sem framkvæmdin mun hafa.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir helstu lögum sem litið var til.

- **Skipulagslög nr. 123/2010.** Skoðað var hvort framkvæmd samkvæmt fyrirleggjandi umsókn og fylgiskjöllum væri í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir. Kynnti sveitarstjórn sér matsskýrslu framkvæmdarinnar, úrskurð og álit Skipulagsstofnunar og úrskurð

umhverfisráðherra. Var þar helst litið til 13. og 14. gr. skipulagslaga sem gilda um framkvæmdaleyfi og framkvæmdaleyfi vegna matsskyldra framkvæmda og 16. gr. um eftirlit sveitarfélaga.

- **Reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.** Sérstaklega var litið til 2. gr. um markmið reglugerðarinnar og 7. gr. um gögn vegna framkvæmdaleyfisumsóknar.
- **Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.** Einkum litið til IV. kafla laganna um málsmeðferð vegna matsskyldra framkvæmda sbr. m.a. 11-14. gr.
- **Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.** Litið var sérstaklega til 2. og 3. gr. náttúruverndarlaganna um verndarmarkmið, 9. gr. um varúðarregluna og 61. gr. sömu laga um sérstaka vernd vistkerfa og jarðminja í þeim tilgangi að greina og kanna hvort gætt hafi verið að verndun líffræðilegrar fjölbreytni, vatnasvæðis, landslags og jarðminja og mótun aðgerða til að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar.
- **Lög um menningarminjar nr. 80/2012.** Var sérstaklega litið til ákvæða kafla VI um verndum og varðveislu fornminja.
- **Stjórnsýslulög nr. 37/1993.** Við málsmeðferð umsóknar um framkvæmdaleyfi hefur sveitarfélagið aflað sér upplýsinga til að tryggja að ákvörðun um veitingu framkvæmdaleyfis sé byggð á fullnægjandi grunni. Sveitarfélagið hefur kynnt sér ítarlega fyrirhugaða framkvæmd, hönnun hennar, umhverfisáhrif, áhættu og önnur fylgigögn vegna umsóknarinnar, allt í samræmi við 10. gr. stjórnsýslulaga um rannsóknarskyldu stjórnvalds.
- **Lög um umhverfismat framkvæmda nr. 111/2021.** Skv. 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í lögnum segir að hafi umhverfismatsferli framkvæmdar verið lokið þegar lögin tóku gildi skuli ákvæði eldri laga um mat á umhverfisáhrifum er lúta að leyfisveitingum vegna framkvæmdarinnar gilda. Var því litið til laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 við veitingu leyfisins.
- **Lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011.** Einkum 3. og 4. gr. um verndar- og orkunýtingaráætlun og orkunýtingarflokk og 7. gr. um skipulagsáætlanir.
- **Raforkulög nr. 65/2003.** Einkum I.- II. kafla um markmið, stjórnsýslu og eftirlit og Raforkuvinnslu.

## Skipulag

Nýtt tengivirki, og lega raflína að því ásamt niðurrifi núverandi línu, er á gildandi deiliskipulagi Hvammsvirkjunar sem samþykkt var í júní 2021. Í deiliskipulaginu er einnig gert ráð fyrir endurbótum á hluta línuvegar með Búrfellslínu 1. Í umsögn Lands og skógar (þá Skógræktin) um deiliskipulagið kom eftirfarandi fram: „Skógræktin notar tækifærið og hvetur sveitarfélagið og framkvæmdaraðila til þess að stuðla að því að náttúruleg framvinda gróðurs, þ.m.t. birkiskóga/birkikjarrs, verði eflað eftir því sem kostur er.“ Umhverfisstofnun veitti einnig umsögn um deiliskipulagið varðandi Viðey og stjórn vatnamála, en þau atriði snerta ekki umrædda framkvæmd á Búrfellslínu 1 og 3 og nýtt tengivirki beint.

Að mati sveitarstjórnar er fyrirliggjandi umsókn um framkvæmdaleyfi í fullu samræmi við gildandi skipulagsáætlanir á svæðinu, þ.e. Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028 og deiliskipulag Hvammsvirkjunar. Framkvæmdin samræmist meginmarkmiðum gildandi aðalskipulags sveitarfélagsins um að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkuauðlinda í sveitarfélögunum í sátt við umhverfi.

## Niðurstaða umhverfismats

Um er að ræða framkvæmd tengda Hvammsvirkjun, en framkvæmdir við Hvammsvirkjun eru almennt á forræði Landsvirkjunar. Umhverfismatsferli vegna framkvæmdarinnar lauk í apríl 2004, og aftur í mars 2018 þegar mat á áhrifum á landslag og ásýnd og ferðaþjónustu og útivist var endurskoðað.

Niðurstaða um umhverfisáhrif Hvammsvirkjunar og tilfærslu Búrfellslínu 1 liggur fyrir í matsskýrslu frá 2003 og matsskýrslu frá 2017, úrskurði Skipulagsstofnunar frá 2003 og álitum Skipulagsstofnunar frá 2018, úrskurði umhverfisráðuneytis frá 2004 með viðbótarskilyrðum, aðalskipulagi sveitarfélagsins og deiliskipulagi um Hvammsvirkjun, auk annarra fylgiskjala með leyfisumsókn. Jafnframt hafa áhrif virkjunarinnar verið skoðuð m.a. með tilliti til umhverfislegra þátta, í tengslum við málsmeðferð rammaáætlunar skv. lögum nr. 48/2011. Þá er ítarlega gerð grein fyrir framkvæmdinni, áhrifum hennar og mótvægisáðgerðum í öðrum leyfum sem fylgja með umsókn. Markmið umhverfismatsferilsins, skipulagsáætlana og annarra umsókna hefur verið að meta áhrif framkvæmdanna og finna leiðir til að halda áhrifum af framkvæmdum og rekstri virkjunarinnar á umhverfi og lífríki í lágmarki.

Í mati á umhverfisáhrifum árið 2003 voru áhrif af virkjun Þjórsá við Núp (í einu þrepi með Núpsvirkjun og í tveimur þrepum með Hvammsvirkjun og Holtavirkjun) og lagningu Búrfellslínu 1 metin á eftirfarandi umhverfisþætti: sjónræn áhrif, útivist og ferðaþjónusta, landnotkun, efnahagur og samfélag, ónæði á framkvæmdatíma menningarminjar, gróður, jarðvegur og rof, fuglar, vatnalíf, jarðmyndanir, vatnafar, farvegur og rennsli Þjórsár, ísafar og aurburður, hættur og náttúruvá. Í niðurstöðu Skipulagsstofnunar frá 2003 var fallist á fyrirhugaða virkjun Þjórsár við Núp ásamt breytingum á Búrfellslínu 1 með skilyrðum varðandi votlendi, fok á sand- og aurasvæðum, öldurof og eyðingu gróðurs, lífríki og fornleifar. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var að framkvæmdin, ásamt breytingum á Búrfellslínu 1, myndi ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif í skilningi laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum sem voru þá í gildi. Með úrskurði ráðherra árið 2004 var framangreindur úrskurður Skipulagsstofnunar staðfestur með nánar tilgreindum breytingum og viðbótarskilyrðum, en áfram á þeim grunni að framkvæmdirnar muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif á teknu tilliti til framsettra skilyrða.

Niðurstöður mats á umhverfisáhrifum frá 2017 fyrir Hvammsvirkjun, ásamt breytingum á Búrfellslínu 1, fyrir þá tvo umhverfisþætti sem voru þá til endurskoðunar voru þær að áhrif virkjunarinnar á ferðaþjónustu og útivist verði á athugunarsvæðinu öllu óverulega neikvæð<sup>4</sup>. Hinir mismunandi þættir framkvæmdarinnar, að mótvægisáðgerðum meðtöldum, muni valda óverulega neikvæðum til talsvert neikvæðum áhrifum á landslag og ásýnd lands, eftir því hvaða landslagsheild er um að ræða. Niðurstaða Skipulagsstofnunar um áhrif á landslag frá 2018 var sú að stofnunin taldi að áhrif verði verulega neikvæð, varanleg og óafturkræf<sup>5</sup>. Niðurstaða Skipulagsstofnunar um útivist og ferðaþjónustu var sú að stofnunin taldi fyrirhugaðar framkvæmdir líklegar til að hafa talsvert neikvæð áhrif á útivist og ferðaþjónustu.

Sveitarfélagið tekur undir mat Umhverfis- og orkustofnunar í fyrirbyggjandi virkjunarleyfi ásamt heimild til breytinga á vatnshlotum, dags. 12. desember 2025, á því að ekki sé með góðu móti unnt að ná tilgangi framkvæmdarinnar með umhverfisvænni leiðum. Sveitarfélagið bendir á að á kortum sem fylgdu með framkvæmdaleyfisumsókn Landsnets er ljóst að breytingar á Búrfellslínu 1 og 3 eru innan áhrifasvæðis núverandi lína og hafa því áhrif nú þegar komið fram að mestu. Í framkvæmdaleyfisumsókninni kemur jafnframt fram að fornleifar á svæðinu verða ekki fyrir áhrifum af framkvæmdinni.

Í álitum Skipulagsstofnunar um umhverfismat Hvammsvirkjunar frá 2018 eru ekki sett ákveðin skilyrði sem snúa sérstaklega að Búrfellslínu 1. Hins vegar hefur Landsvirkjun tekið saman yfirlit yfir ytri skilyrði

<sup>4</sup> [Matsskýrsla. Mat á umhverfisáhrifum. Ferðaþjónusta og útivist og landslag og ásýnd lands.](#)

<sup>5</sup> [Hvammsvirkjun, Rangárþingi ytra og Skeiða- og gnúpverjahreppi – Álit um mat á umhverfisáhrifum](#)

og kröfur, mótvægisáðgerðir og vöktun<sup>6</sup>. Þau skilyrði úr fyrra mati og skuldbindingar úr seinna mati og skilyrði úr virkjunarleyfi sem eiga við um framkvæmdir við Búrfellslínu 1 eru eftirfarandi:

- **Landslag, útivist og ferðaþjónusta**
  - Á framkvæmdatíma: Landmótun, nýta svarðlag, viðhalda gróðri, uppgræðsla og ræktun, tryggja möguleika til útivistar
- **Öryggis- og umhverfisverndar-ráðstafanir og ráðstöfunmannvirkja og tækja**
  - Á framkvæmdatíma: Lagnir og önnur mannvirki verði lögð á þann hátt að sem minnstur skaði verði á náttúru landsins. Taka skal tillit til umhverfissjónarmiða við framkvæmdir sem og við frágang að þeim loknum.

Eftirfarandi mótvægisáðgerðir úr matsferli Hvammsvirkjunar eiga við um Búrfellslínu 1:

- **Fornminjar**
  - Kerfisbundið eftirlit með fornleifum á verktíma.
- **Landgræðsla og skógrækt**
  - Vinnuvegir sem ekki nýtast á rekstartíma verða fjarlægðir (nema landeigendur óski eftir að yfirtaka þá, deiliskipulag 2021)
- **Landslag og ásýnd lands**
  - Áhersla er lögð á að skapa sem best heildarjafnvægi milli útlits mannvirkja, landmótunar og náttúrulegs umhverfis
  - Draga úr sýnileika mannvirkja
    - Mannvirki verða látlaus en áhugaverð
    - Takmarka sýn að mannvirkjum með gróðri
  - Fella mannvirki að umhverfi
    - Nýta svarðlag af framkvæmdasvæði við lokafrágang og/eða viðhalda grenndargróðri
- **Útivist og ferðaþjónusta**
  - Draga úr sýnileika mannvirkja frá ferðaleiðum, sbr. mótvægisáðgerðir vegna landslags og ásýndar lands
  - Tryggja að möguleikar til útivistar minnki ekki á framkvæmda- og rekstartíma virkjunar, þ.e. með nýjum göngu- og reiðleiðum.

Í vöktunaráætlun vegna Hvammsvirkjunar kemur fram að vakta þurfi gróðurframvindu vegna framkvæmdarinnar. Tryggja þarf samráð við landeigendur og Land og skóg (áður Landgræðslu ríkisins) vegna frágangs mannvirkja og hvaða vinnuvegi skuli fjarlægja að framkvæmdum loknum. Jafnframt skal samráð haft við Minjastofnun Íslands vegna kortlagningar, vöktunar og verndunar fornleifa á framkvæmdasvæði.

### Umsögn Náttúruverndarstofnunar

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar um framkvæmdaleyfið benti stofnunin á að á framkvæmdasvæðinu sé hraun sem njóti sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Stofnunin benti jafnframt á að eldhraun sem hafi að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hafi að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem myndi verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og njóti það

<sup>6</sup> [Hvammsvirkjun – Ytri skilyrði og kröfur, mótvægisáðgerðir og vöktun](#)

Því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Ákvæðið útiloki þó ekki að aðrir eiginleikar, svo sem jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Samkvæmt Náttúruverndarstofnun ber sveitarfélaginu að leggja sjálfstætt mat á það hvort skilyrði ákvæðisins séu uppfyllt við veitingu framkvæmdaleyfis, þar á meðal hvort raunveruleg brýn nauðsyn sé fyrir hendi, hvort aðrir valkostir hafi verið kannaðir á fullnægjandi hátt og hvort unnt sé að forðast eða lágmarka rask. Fyrirhuguð hliðrun Búrfellslínu 1 er á þessu hrauni. Í fyrirliggjandi gögnum kemur fram að sömu áhrifa væri að vænta af öllum valkostum sem skoðaðir hafi verið í tengslum við framkvæmdina og því væri ekki komist hjá því að raska hrauninu.

Í athugasemdum við frumvarp til náttúruverndarlaga kemur fram að þau náttúrufyrirbæri sem falla undir a-lið 2. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga séu frábrugðin flestum öðrum gerðum jarðlaga að því leyti að þau eru nýmyndaður berggrunnur með upprunalegt yfirborð. Yfirborðið sé afar viðkvæmt fyrir raski og að allt rask sé óafturkræft. Þá kemur fram í athugasemdunum að verndargildi hrauna lækki við rask og veðrun og þekking á myndun hraunanna auki mikilvægi þeirra og því hafi eldvörp, gervigígar og eldhraun mynduð á sögulegum tíma alla jafna meira verndargildi en eldri myndanir. Einnig segir í athugasemdunum að eldhraun sem sé að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og því ekki lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hafi að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða hraunvistargerðar og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt fyrrgreindu ákvæði. Ákvæðið útiloki þó ekki að aðrir eiginleikar, s.s. jarðsögulegir eiginleikar eða eiginleikar þess gróðurs sem vex á svæðinu, hafi sérstakt verndargildi.

Sveitarfélagið telur Þjórsárhraunið alveg hulið sandi og öðrum jarðvegi á framkvæmdasvæðinu skv. framkvæmdaleyfisumsókninni. Ekki er um að ræða nýmyndaðan berggrunn með upprunalegt yfirborð en samkvæmt lögskýringargögnum er markmið framangreindra ákvæða náttúruverndarlaga að vernda náttúrufyrirbæri sem eru frábrugðin flestum öðrum gerðum jarðlaga auk þess sem þau einkennast oft af sérstæðu gróðurfari og dýralífi. Að mati sveitarfélagsins hefur því Þjórsárhraunið á framkvæmdasvæðinu skv. framkvæmdaleyfisumsókninni, tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess, m.t.t. þess sem fram kemur í lögskýringargögnum um mat á verndargildi. Þar sem það er hulið jarðvegi, þá hefur það ekki sérstæða jarðsögulega eiginleika, auk þess sem því hefur mikið verið raskað, bæði á framkvæmdasvæðinu sjálfu sem og á öðrum svæðum á Suðurlandi, eins og nánar er tiltekið í matsskýrslu umhverfismats.

Í mati á umhverfisáhrifum fóru fram rannsóknir á gróðri og spannaði rannsóknarsvæðið landið beggja vegna Þjórsár, allt frá efri mörkum Hagalóns við Yrjasker niður fyrir Árnessporð. Í fyrrnefndri matsskýrslu frá því í apríl 2003 segir: „Gróðurfur á rannsóknarsvæðinu er tiltölulega einsleitt en það er mótað af þunnum, þurrum, gosefnaríkum jarðvegi og leirkenndum framburði Þjórsár. Gróðurlendi sem setja mestan svip á svæðið eru graslendi, þursaskeggsmóar, mosagróður og ræktað land. Áberandi er hversu lítið er af gróðurlendum með lyngi og smárunnum á svæðinu.“ Sveitarfélagið telur m.t.t. þess sem kemur fram um gróðurfur í matsskýrslu að gróðurfur á framkvæmdasvæðinu sé ekki sérstætt í skilningi þess sem fram kemur í lögskýringargögnum náttúruverndarlaga og geti ekki haft sérstætt verndargildi. Í fyrirliggjandi gögnum kemur fram að ítarlegar rannsóknir hafi verið gerðar á gróðurfari, vatnafari og lífríki á landi og í vatni og bendir sveitarfélagið í þessu tilliti á mikilvægi ítarlega útfærðra mótvægisáðgerða.

Þrátt fyrir framangreint telur sveitarfélagið mikilvægt að röskun á framkvæmdasvæðinu verði ekki umfram það sem brýna nauðsyn ber til og á það jafnt við um Þjórsárhraun, gróður og lífríki. Sveitarfélagið leggur áherslu á að útgefið framkvæmdaleyfi verði bundið þeim skilyrðum og mótvægisáðgerðum sem sett eru fram í greinargerð þessari og öðrum fyrirliggjandi leyfum.

Framkvæmdir á Búrfellslínu 1, sem sótt er um framkvæmdaleyfi fyrir, eru nauðsynlegar til að Hvammsvirkjun geti orðið að veruleika og virkjunin geti skilað raforku inn á flutningskerfi Landsnets, en framkvæmdir við virkjunina eru hafnar. Þegar litið er til þeirrar raforkuþarfar sem er nú fyrir hendi og lögð hafa verið fram gögn um í raforkuspám, sem staðfest eru af Orkustofnun og síðar Umhverfis- og orkustofnunar, og mikilvægi þess að þeirri þörf sé mætt með aukinni orkuframleiðslu og eðlis og hagkvæmni Hvammsvirkjunar sem virkjunarkosts telja sveitarfélögin að við þær aðstæður sé tilgangur virkjunarinnar þýðingarmikill vegna almannaheilla, og það sama eigi við um þær framkvæmdir sem fyrirbyggjandi umsókn varði og tengjast þeirri virkjun með beinum hætti. Máli skiptir fyrir mat á almannaheill virkjunarkostsins að Hvammsvirkjun þykir vera hagkvæmur kostur. Hefur Alþingi samþykkt hana sem virkjun í orkunýtingarflokki í rammaáætlun skv. l. nr. 48/2011. Mat Alþingis liggur því þegar fyrir um það að framkvæmdin varði þjóðarhag og sjálfbærni. Framkvæmdin er þannig nauðsynleg til þess að tryggja raforkuöryggi í landinu og framboð af orku til orkuskipta. Í fyrirbyggjandi gögnum kemur jafnframt fram að Hvammsvirkjun sé mikilvægasta virkjunin af fyrirhuguðum virkjunum samkvæmt Orkuspa Orkustofnunar með tilliti til orkuöryggis.

Sveitarfélagið telur framkvæmdaaðila hafa sýnt fram á að brýna nauðsyn beri til framkvæmdanna vegna mikilvægra almannahagsmuna með vísan til fyrirsjáanlegs orkuskipts í landinu og telur tilgang framkvæmdarinnar vega þyngra en þau umhverfisáhrif sem framkvæmdin hefur.

Náttúruverndarstofnun bendir einnig á í umsögn sinni að jarðvinna vegna undirstaðna og slóðagerðar feli í sér rask ágróðurþekju og mögulegum varpsvæðum undir undirstrikar mikilvægi þess að fyrir liggja áætlun um frágang eða uppgæðslu. Að mati stofnunarinnar þurfi að tryggja að framkvæmdir raski ekki varpi á viðkvæmum tíma og gera þurfi skýra áætlun um frágang raskaðra svæða þannig að staðargróður og búsvæði fugla verði endurheimt að framkvæmdum loknum. Í umsögninni er m.a. bent á að á svæðinu séu tegundir sem Ísand beri alþjóðlega verndarskyldu gagnvart sem standi höllum fæti. Sveitarfélagið tekur undir þessi sjónarmið og leggur áherslu á að tryggðar séu nauðsynlegar mótvægisáðgerðir til að lágmarka áhrif framkvæmdanna að þessu leyti.

### Skilyrði leyfisveitanda

Með hliðsjón af framangreindu setur leyfisveitandi framkvæmdinni eftirfarandi skilyrði í samræmi við 4. mgr. 13. gr. skipulagslaga, 3. mgr. 14. gr. sömu laga og a. og b. lið 4. mgr. 10. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi:

- Framkvæmdaraðili skal fylgja gildandi skipulagi og skipulagsáætlunum við framkvæmdirnar.
- Framkvæmd skal samræmast samþykktum hönnunargögnum, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.
- Framkvæmdaraðili skal, fyrir upphaf framkvæmda, útfæra áætlun um vöktun, rannsóknir og mótvægis- og neyðaraðgerðir, þar með talið um endurheimt gróðurs, votlendis og vistgerða, í samráði við Náttúrufræðistofnun og Náttúruverndarstofnun.
- Vöktunaráætlun skal vera virk frá fyrsta degi framkvæmda og ná til mögulegra óbeinna áhrifa á fuglalíf, gróður og vistkerfi á áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Vöktunargögn, þ.m.t. vöktunaráætlun, skulu vera aðgengileg sveitarfélaginu, Náttúruverndarstofnun og Náttúrufræðistofnun og niðurstöður vöktunar gerðar opinberar þegar þær liggja fyrir.
- Viðbragðsáætlun skal vera til staðar ef mælingar sýna frávik eða ófyrirséð umhverfisáhrif sem rekja má til framkvæmdarinnar.
- Framkvæmdaraðili skal halda röskun á landi í lágmarki og gæta þess vel að raska hvergi landi utan framkvæmdasvæðis á verktíma.
- Framkvæmdaraðili skal gæta þess að fornleifum verði ekki raskað á framkvæmdatíma.

- Framkvæmdin er í mikilli nálægð við byggð. Gæta skal þess að sem minnst ónæði verði af völdum hávaða í samræmi við ákvæði reglugerðar um hávaða nr. 724/2008.
- Við frágang í verklok skal vel gengið frá landi og með þeim hætti að ummerki framkvæmdar verði lágmörkuð. Öll aðstaða tekin niður og allir efnisafgangar fjarlægðir.
- Svæði þar sem möstur verða tekin niður skal jafnað og aðlagð að nærliggjandi landi. Það sama á við um tímabundin möstur vegna bráðabirgðalínu á framkvæmdatíma.
- Framkvæmdaraðili græða upp uppblásturssvæði og gróðursár sem myndast við framkvæmdir í samræmi við gróðurfar á svæðinu þannig að þau falli vel að nærliggjandi umhverfi.
- Virkt eftirlit, með reglubundnum vöktunarskýrslum, skal vera með framkvæmdum við frágang þar til ásætlanlegt gróðurþekju- og landslagsástand hefur náðst.
- Framkvæmdaraðila er skylt að óska samþykkis sveitarfélaga fyrir breytingum á framkvæmdinni. Tilkynna skal sveitarfélaginu, Umhverfis- og orkustofnun, Náttúruverndarstofnun og Skipulagsstofnun um allar breytingar á framkvæmdinni.

Sveitarfélagið telur að framkvæmdinni séu gerð nægjanlega góð skil í leyfisumsókninni. Framkvæmdir vegna Búrfellslínu 1 og 3 koma til með að hafa áhrif á jarðmyndanir og gróður vegna varanlegs rasks. Vegna þessa leggur sveitarfélagið áherslu á að við framkvæmdir verði öllu jarðraski haldið í lágmarki og að vel verði gengið frá landi í verklok, líkt og tiltekið er í ofangreindum skilyrðum fyrir veitingu framkvæmdaleyfis.

Að teknu tilliti til framangreindra gagna, úrskurðar og álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum, gildandi aðalskipulagsáætlana og deiliskipulags, umsagna, leyfa, þingsályktunar Alþingis og skilyrða við mótvægisáðgerðir og vöktunaráætlanir, heimilar sveitarstjórn Rangárþings ytra framkvæmdaleyfi fyrir færslu á Búrfellslínu 1 og tímabundins masturs í Búrfellslínu 3. Um er að ræða framkvæmd tengda Hvammsvirkjun Landsvirkjunar, nánar tiltekið tilfærslu á Búrfellslínu 1, tímabundna hækkun á Búrfellslínu 3 vegna tengingar flutningskerfisins við Hvammsvirkjun og færslu Búrfellslínu 1 frá stíflumannvirkjum ásamt nýju tengivirki (mynd 1).